

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Tónheyrn F1

Vorönn 2023

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Tónheyrn byggist á endurtekinni þjálfun með svipuðum hætti og hljóðfærnanám og hér er haldið áfram með hana frá haustönninni þar sem viðfangsefnið verður smám saman margbrotnara. Laglínur í dúr og hreinum og hljómhæfum moll eru sem fyrr sungnar með áherslu á dúetta, bæði með og án texta. Þær geta verið með taktskiptum, í 6/8, eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum. Hrynestur er bæði í einföldum takti þar sem nota eða þögn getur verið allt að fjórðungur slags og samsettum takti þar sem nota getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Príhljómar eru sungnar í grunnsexundar- og fersexundarstöðu og greindir eftir heyrn. Tónbil eru sungin og heyrnargreind, leikin upp og niður á við eða sem samhljómur og geta verið víðari en áttund. Stuttar laglínur og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynsið eru upprituð eftir heyrn.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki hvernig aðgengileg hrynræn lagferli í dúr, hr. og lagh. moll hljóma og tilhögun radda í dúettsöng. Ennfremur tónbil eftir heyrn sem geta verið víðari en áttund, spilið upp eða niður á við eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunnstöðu fyrstu og öðrum hljómhvörfum. Hann þekki hrynmynstur þau sem talin eru upp í áfangalýsingunni. Hann þekki til aðferða við að þjálfa tónheyrn á því stigi sem talað er um í henni.

#### Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja lög í dúr, hr. og laghaefum moll með allt að fjórdeildum slögum og einf. eða 6/8 takti. Lögin geta líka haft taktskipti. Hann hafi jafnframt öðlast leikni í að syngja rödd á móti annarri (dúettsöng). Hann geti lipurlega slegið takt í einf. takti með nótum/þögnum sem allt að fjórðung slags og samsettum takti með nótum allt að sjötta hluta slags. Hann hafi öðlast leikni í að syngja og heyrnargreina tónbil jafnvel víðari en áttund, leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum og líka þríhljóma í grunn- og sexundar- og fersexundarstöðu.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við aukna hæfni í nótalestri og tengingu spilamennsku eða söngs, nótaskriftar og heyrnarlegrar upplifunar.

#### Námsgögn:

Nótaskrifbækur, söng- og hrynestrarblöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tínum og lokapróf		100 %

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (2. – 6. jan 2023)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Þau geta verið víðari en áttund.	
2. vika (9. – 13. jan. 2023)	Þríljómar sungnir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Lög sungin og hrynnur lesinn í einföldum takti.	
3. vika (16. – 20. jan 2023)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Þau geta verið víðari en áttund. Lög sungin og hrynnur lesinn einkum í einföldum takti. Lag- og hrynnupprit.	
4. vika (23. – 27. jan 2023)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynnur lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynnupprit.	
5. vika (30. jan – 3. feb 2023)	Þríhljómar í grunnstöðu og hljómhvörfum sungnir og heyrnargreindir. Lög sungin og hrynnur lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynnupprit.	
6. vika (6. – 10. feb 2023)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynnur í lesinn í einföldum takti en með flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynnupprit.	
7. vika (13. – 17. feb 2023)	Þríhljómar sungnir bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Hrynnur lesinn með þögnum allt að fjórðung úr slagi á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynnupprit.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

8. vika (20. – 24. feb 2023)	Þríhljómar sungnir og heyrnargreindir bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Lög í óreglulegum takti sungin. Lag- og hrynumprit.	
9. vika (27. feb. – 3. mars '23)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til. Slög í laglínum geta héðan í frá verið fjórdeild.	
10. vika (6. – 10. mars 2023)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
11. vika (13. – 17. mars 2023)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
12. vika (20. – 24. mars 2023)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
13. vika (27. – 31. mars 2023 )	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (3. – 7. april 2023)	Páskafrí	
16. vika (11. – 14. apríl 2023)	Haldið áfram að flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

17. vika (17. – 21. april 2023)	Haldið áfram að þjálfa þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
18. vika (24. – 28. april 2023)	Haldið áfram að þjálfa þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
19. vika (2. – 5. maí 2021)	Vorpróf úr efni áfangans	Próf